

Foreldrahandbók Halastjörnunnar 2016-17

Almennar upplýsingar um starfið, markmið og verkefni vetrarins.



Efnisyfirlit

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	2
BÖRNIN SÓTT Í HALASTJÖRNUNA	3
SÆKJA UM FRÍSTUNDARDVÖL.....	3
FRÍSTUNDASTARF HALASTJÖRNUNNAR.....	5
HÓPASTARF OG VAL	5
FRÍSTUNDAKORT	6
GJALDSKRÁ FRÍSTUNDAHEIMILA.....	6
SYSTKYNAAFSLÁTTUR.....	7
SAMSTARF VIÐ FORELDRA.....	8
SAMSTARF VIÐ SKÓLA	8
ÍÞRÓTTAFÉLÖG OG AÐRAR STOFNANIR	8

Við bjóðum barnið þitt velkomið á frístundaheimilið Halastjörnuna við Háteigsskóla. Í þessari handbók er að finna allar helstu upplýsingar um frístundastarf, markmið Halastjörnunnar og dagskrá vetrarins.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

- Samantekt fyrir foreldra barna sem eru að hefja frístundavist í Halastjörnuni og upprifjun fyrir aðra

Forstöðumaður Halastjörnunnar er Guðrún Ösp. Hún tók við starfi verkefnastjóra Halastjörnunnar sumarið 2012. Hún er með háskólapróf í ferðamálafræði og hefur starfað í barnastarfi hjá Reykjavíkurborg síðan árið 2008. James Weston er aðstoðarverkefnastjóri Halastjörnunnar og tók hann við starfinu haustið 2012. Hann hefur unnið í frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg síðan árið 2010 og hann er menntaður fjölmiðlafræðingur.

Forstöðumenn við alla daga frá 9.00-17.00, nema forstöðumaður fyrir hádegi á miðvikudögum. Hægt er að hringja eða panta viðtalstímatíma fyrir hádegi.

Guðrún Ösp Sigurmundardóttir / gudrunosp@reykjavik.is /S: 664-7614&571-3057

James Weston / james.weston@reykjavik.is / S:663-6103&571-3057

Netfang Halastjörnunnar; halastjarnan@reykjavik.is

Heimasíða; www.kampur.is/halastjarnan

Foreldrahópur Halastjörnunnar á Facebook: [Halastjarnan Foreldrahópur 2015-16](#)

HÚSNÆÐI

Halastjarnan er til húsa í fjórum skálum við Háteigsskóla. Við notum einnig kennslustofur í Háteigsskóla og íþróttahús samkvæmt dagskrá sem sjá má á síðu 7. Börn í 1.-2. bekk hafa aðstöðu í þremur samliggjandi skálum á skólalóðinni sem bera nafnið STJÖRNUHÆÐ. Og börn í 3-4. bekk hafa aðstöðu í skála við lóðarmörk skólans sem ber nafnið HVÍTA HÚSIÐ.

Halastjarnan er opin frá því að börnin eru búin í skólanum kl. 13.40 (1.-2. bekkur) / kl. 13.50 (3.-4. bekkur). Halastjarnan lokar kl. 17 og sækja þarf börnin fyrir þann tíma. [Dagskipulag Halastjörnunnar](#)

13.40-13.50	Börnin mæta í Halastjörnuna
13.40-14.30	Útivist eða hressing
14.30-16.00	Hópastarf og val
16.00-16.30	Frjáls leikur og útivist
16.30-17.00	Frágangur og róleg stund
17.00	Frístundaheimilið lokar

BÖRNIN SÓTT Í HALASTJÖRNUNA

Þegar komið er að sækja þurfa foreldrar að koma í skráningu Halastjörnunnar í anddyri Háteigsskóla. Í skráningu er tafla með myndum af börnunum þar sem þau merkja hvar þau leika hverju sinni. Í skráningu er starfsmaður með síma sem tekur á móti foreldrum og símtölum og aðstoðar foreldra við að sækja börnin.

Foreldrar bera ábyrgð á að skrá í RR hverjir mega sækja barnið á frístundaheimilið undir TENGILIÐIR. Starfsmenn frístundaheimilisins fara eftir þeim upplýsingum sem þar eru skráða þegar umsókn um frístundavist er staðfest. Foreldrar geta breytt TENGILIÐUM í RR eftir að umsóknin er staðfest en þurfa þá einnig að tilkynna forstöðumanni um breytingarnar skriflega þar sem ekki berst sjálfkrafa tilkynning frá RR.

Við óskum allra helst eftir því að foreldrar sendi okkur tölvupóst eða hringi fyrir hádegi ef þörf er á að koma til okkar skilaboðum fyrir daginn. Nauðsynlegt er að láta vita ef einhver annar en uppgefnir aðilar í RR koma að sækja barnið:

- með tölvupósti eða símtali fyrir kl. 13 HALASTJARNAN@REYKJAVIK.IS/S.571-3057-6636102
- eða símleiðis eftir kl. 13 í s. S.571-3057-6636102

Það er mikilvægt fyrir foreldra að vita að starf Halastjörnunnar er dreift um skólann. Þegar komið er að sækja gætu foreldrar þurft að sækja eigur barna inn í skólanum og sækja barnið annar staðar, t.d. í íþróttahúsi, smíðastofu eða húsum Halastjörnunnar á skólalóðinni. Við leitum til ykkar foreldrar um skilning og þolinmæði hvað húnsæðismálin varðar. Við hvetjum ykkur til að gera ykkur tíma þegar þið komið að sækja og endilega staldra við og kíkja á það sem börnin eru að gera í starfinu.

Má ég hringja heim?

Á frístundaheimilinu spyrja börnin oft hvort þau mega hringja heim. Það er oft mikið álag á símanum og þess vegna höfum við ekki tók á að leifa börnunum að hringja heim nema erindið sé mjög mikilvægt, t.d. eitthvað gleymdist heima eða óvíst er hvort barnið á að labba heim eða er sótt. Til þess að létta álagið á símanum fá börnin ekki leyfi til að hringja heim úr Halastjörnunni til þess að spyrja um leyfi til að leika með öðrum eftir frístund. Við biðjum foreldra að sýna þessari reglu skilning og hvetjum til þess að slíkar heimsóknir séu skipulagðar daginn áður og við látin vita með símtali eða tölvupósti.

SÆKJA UM FRÍSTUNDARDVÖL

Foreldrar geta skráð börn í Halastjörnuna allt frá einum degi í viki til fimm daga í viku og greitt er gjald fyrir hvern dag sem barnið er skráð skv. gjaldskrá á síðu 7. Hægt er að skrá börnin í síðdegishressingu gegn gjaldi þá daga sem barnið er skráð, flest börn í Halastjörnunni nýta þessa þjónustu. Ef börn hafa fæðuóþol eða sérþarfir þarf að skrá þær upplýsingar í Rafræna Reykjavík (RR) eða senda forstöðumanni upplýsingarnar skriflega séu upplýsingarnar ekki skráðar í RR. Mikil áhersla er lögð á að bjóða holla og fjölbreytta fæðu. Við veljum að kaupa gróft og trefjaríkt brauð og panta margar vörur merktar með skráargatinu og skv. tilmælum Lýðheilsustofnunar. Alla daga er boðið upp á niðurskorna ávexti og grænmeti.

Á frístundaheimilinu höldum við skráningu um það hvaða börn eru hjá okkur á hverjum degi. Þegar sótt er um frístundavist í Rafrænni Reykjavík (RR) þarf að skrá upplýsingar um það hversu lengi barnið verður á frístundaheimilinu hvern dag, og hvort barnið er sótt eða labbar heim sjálft. Eins og fram hefur komið er greitt fyrir frístundavist eftir fjölda daga en ekki eftir fjölda klukkutíma á dag.

Foreldrum er frjálst að nýta tímann til 17.00 og ekki þarf að láta vita ef börnin eru sótt seinna einstaka sinnum en skráð er í RR. Aftur á móti er nauðsynlegt að láta vita um breyttan heimferðatíma þeirra barna sem ganga sjálf heim. Ef um varanlega breytingu á vistun er að ræða ber foreldrum að senda breytingabeiðni með tölvupósti (halastjarnan@reykjavik.is) til forstöðumanna.

Óskir um að bæta við dögum eða fækkun á dögum er best að senda til forstöðumanna með tölvupósti. Foreldrar geta líka sent beiðni um breytingar í gegnum RR. Við komum til móts við óskir um að bæta við dögum eins fljótt og auðið er. Varðandi óskir um að fækka vistundardögum taka þær breytingar sem berast t.o.m. 14 hvers mánaðar næstu mánaðamót. Þær óskir sem berast eftir það taka gildi um þær næstu mánaðamót.

Á foreldradögum, starfsdögum og í jóla- og páskafríum skólanna eru frístundaheimilin opin frá kl. 8.00 nema annað sé tekið fram. Óskað er sérstaklega eftir skráningu fyrir þá daga á hverjum stað fyrir sig og þarf að greiða aukalega fyrir dvöl fyrir hádegi þá daga. (sjá nánar neðar í Heilir dagar) Ekki er opið á morgnanna á frístundarheimilum á svokölluðum skertum dögum hjá skólanum. Frístundaheimilin eru lokað í vetrarfríum grunnskólanna.

Vetrarstarf frístundaheimila hefst daginn eftir skólasetningu nema hjá 1. bekk hefst starfið að fyrsta skóladegi loknum. Dvalarsamningar gilda til 7. júní 2017 og sækja þarf um frístundavist fyrir hvert skólaár og hefst skráning fyrir næsta ár í febrúar hvers árs. Skráning í sumarfrístund hefst eftir sumaraginn fyrsta hvert ár og er auglýst sérstaklega. Þegar umsóknir eru afgreiddar á haustin eru börn í 1. bekk í forgangi um frístundavist, annars eru umsóknir afgreiddar eftir þeirri röð sem þær bárust.

Í meðfylgjandi töflu má sá dagatal Halastjörunnar þar sem fram koma upplýsingar um heils dags opnanir á frístundaheimilinu, starfsdaga frístundaheimilisins og vetrarfrí en þá er lokað í Halastjörnunni. Þar er einnig að finna tímasetningar á foreldrakaffi, foreldraráð, opin hús og fjölskyldusmiðjur sem verða í vetur, sjá nánánari umfjöllun síðar í handbókinni. Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.

Halastjarnan - Heilir dagar og lokanir 2016-17

Haustönn 2016				Vorönn 2017			
Dags	Halastjarnan	Skóli	Athugasemd	Dags	Halastjarnan	Skóli	Athugasemd
7. okt. '16	Heill dagur	Starfsdagur	Opið 8-17:00	2. jan. '17	LOKAD	Starfsdagur Halastj.	LOKAD
11. okt. '16	Heill dagur	Foreldraviðtöl	Opið 8-17:00	25. jan '17	Heill dagur	Starfsdagur	Opið 8-17:00
20. okt. '16	LOKAD	Vetrarfrí	LOKAD	7. feb. '17	Heill dagur	Foreldraviðtöl	Opið 8-17:00
21. okt. '16	LOKAD	Vetrarfrí	LOKAD	18. feb. '17	Heill dagur	Óskudagur	LOKAD
24. okt. '16	LOKAD	Vetrarfrí	LOKAD	20. & 21. feb.	LOKAD	Vetrarfrí	LOKAD
21. des. '16	Heill dagur	Jólaleyfi	Opið 8-17:00	10. - 12. apr	Heill dagur	Páskaleyfi	Opið 8-17:00
22. des. '16	Heill dagur	Jólaleyfi	Opið 8-17:00	13. apríl '17	LOKAD	Skirdagur	LOKAD
23. des. '16	Heill dagur	Jólaleyfi	Opið 8-17:00	14. apríl '17	LOKAD	Föstudagurinn langi	LOKAD
26. des. '16	LOKAD	Annar í jólum	LOKAD	17. apríl '17	LOKAD	Annar dagur páska	LOKAD
27. des. '16	Heill dagur	Jólaleyfi	Opið 8-17:00	20. apríl '17	LOKAD	Sumardagurinn fyrsti	LOKAD
28. des. '16	Heill dagur	Jólaleyfi	Opið 8-17:00	1. maí '17	LOKAD	Verkalýðsdagurinn	LOKAD
29. des. '16	Heill dagur	Jólaleyfi	Opið 8-17:00	25. maí '17	LOKAD	Uppstigningardagur	LOKAD
30. des. '16	Heill dagur	Jólaleyfi	Opið 8-17:00	31. maí '17	Heill dagur	Starfsdagur skóla	Opið 8-17:00

FRÍSTUNDASTARF HALASTJÖRNUNNAR

Leiðarljós frístundaheimila er að hvert barn fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Lögð er áhersla á að efla félagsþroska hvers barns og virðingu þess fyrir sjálfu sér, öðrum og umhverfi sínu. Við teljum mikilvægt að efla sjálfstæði og sjálfmynd hvers barns og gera því kleift að kynnast eigin möguleikum. Þá er markmið með starfsemi frístundaheimila ekki síst að kynna ólíkar tómsundur fyrir barninu og veita börnum og foreldrum heildstæða þjónustu. Að ofangreindu má ljóst vera að barnið og vellíðan þess er þungamiðjan í daglegu starfi.

Leiðarljós skóla- og frístundasviðs: *Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

HÓPASTARF OG VAL

Starfið í Halastjörnunni er skipulagt með það að markmiði að öll börn getu fundið sér spennandi viðfangsefni á hverjum degi. Á hverjum degi hafa börnin val um að taka þátt í skipulögðu hópastarfi, leika frjálst og leika úti og hafa þau að lágmarki 3 viðfangsefni að velja á milli á dag.

Við leggjum áherslu á leik innandyrna og utandyra og það leikið er úti í öllu veðri. Því er mikilvægt að börnin hafi með sér klæðnað til útveru á hverjum degi.

Í Halastjörnunni leggjum við áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt og spennandi hópastarf. Við leitum til starfsfólks Halastjörnunnar við skipulagningu hópastarfið. Við leggjum áherslu á að ráða til okkur hugmyndaríka og skapandi einstaklinga sem hafa áhuga á að deila sínum áhugamálum með börnunum. Starfsfólkið kemur með hugmyndir að smiðjum og fá tækifæri til að halda utan um framkvæmd og skipulag smiðjanna. Það er að okkar mati lykillinn að skemmtilegu og vel heppnuðu hópastarfi að bæði börnin og starfsfólkið hafi gagn og gaman af.

Dæmi um smiðjur sem hafa farið fram í Halastjörnunni eru leiklist, kvikmyndasmíðja, ljósmyndasmíðja, geimsmíðja, vísindasmíðja, enskusmíðja, myndasögusmíðja, saumasmiðja og blaðaútgáfa (3. og 4. bekkur).

Í Halastjörnunni er unnið með barnalýðræði, annars vegar í lýðræðishóp 1.-2. bekkjar og hins vegar á húsfundum Hvíta hússins. Þar búum við til vettvang fyrir börnin til að koma sínum hugmyndum á framfæri og hafa áhrif á starfið sem starfrækt er fyrir þau.

Í vikulegur foreldrapósti sendum við út fréttir af starfinu sem fer fram á frístundaheimilinu og upplýsingar um það sem er á döfinni. Í póstinum sendum við út nýja dagskrá, látum vita af löngum dögum og sendum út boð í foreldrakaffi og opin hús.

ÞEMAVIKUR

Frístundaheimili Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða vinna saman að þemavikum yfir veturinn og verða þær eins og hér segir:

- Október: Vísinda- og tilraunavika
- Nóvember: Réttindaganga barna og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Desember: Jólamarkaðir
- Febrúar: Fjölmeningarvika
- Mars: Fjölmíðlalæsi
- Apríl: Barnamenningarhátíð
- Maí: Kassabílarallí

FRÍSTUNDAKORT

Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi.

Styrkurinn verður frá og með 1. janúar 2015 35.000 krónur á barn á ári en ekki er um beingreiðslur til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Bent er á að ekki er mögulegt að flytja styrkinn milli ára.

Börn sem verða sex ára á árinu eiga rétt á styrk frá 1. janúar það ár og út árið sem þau eru 18. Einstaklingar sem orðnir eru 18 ára þurfa að skrá sig sjálfir inn í Rafræna Reykjavík til þess að rástafa styrknum.

Meginskilyrði félaga sem gerast aðilar að Frístundakortinu er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi og að starfsemin fari fram undir leiðsögn starfsmanna og leiðbeinanda sem eru hæfir til að starfa með börnum og unglingum. Styrkhæf starfsemi þarf að vera við lýði í 10 vikur samfellt hið minnsta.

GJALDSKRÁ FRÍSTUNDAHEIMILA

Gjaldskrá gildir frá 1. janúar 2016

fyrir frístundaheimili og sértækt félagsmiðstöðvastarf yfir vetrartímann

Fjöldi daga í viku	Frístunda gjald	Síðdegishressing	Samtals gjald (frístundagjald + síðdegishressing)
5 dagar	12.750	3.680	16.430
4 dagar	10.400	2.950	13.350
3 dagar	8.030	2.210	10.240
2 dagar	5.660	1.480	7.140
1 dagur	3.290	750	4.040

Lengd viðvera	1.910
---------------	-------

SYSTKYNAAFSLÁTTUR

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun á frístundaheimilum borgarinnar er veittur 75% afsláttur vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns af frístundagjaldi, skilyrði er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Veittur er systkinaafsláttur milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/frístundaklúbba þannig að 50% afsláttur er af gjöldum á frístundaheimili/frístundaklúbb ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt kl. 8.00-13.30 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það kr. 1.850 á dag. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimilunum frá kl. 13.30-17.00. Óskað er eftir skráningu á þessa daga sérstaklega á hverjum stað fyrir sig. Ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun á þessum dögum.

SAMSTARF VIÐ FORELDRA

Við leggjum áherslu á að eiga gott samstarf við foreldra og tökum vel á móti athugasemdum og ábendingum. Halastjarnan mun reglulega hafa opið hús þar sem foreldrum er boðið að skoða afrakstur hópstarfs og taka þátt í starfi dagsins. Verkefnastjórar frístundaheimila bera ábyrgð á að upplýsingaflæði sé gott, til dæmis með því að uppfæra heimasíðu reglulega þar sem finna má dagskrá heimilisins og myndir úr starfinu. Einnig auglýsum við eftir foreldrum sem hafa áhuga á að koma í starfið og vera með stutt námskeið, smíðjur eða bara vera með börnunum og spjalla og spila.

SAMSTARF VIÐ SKÓLA

Samstarf við skóla er margþætt og snýr bæði að innri og ytri málefnum frístundaheimilisins. Frístundaheimilin eru að öllu jöfnu staðsett í skólahúsnæði og um nýtingu á húsnæði gildir sérstakur samningur sem skólastjóri og forstöðumaður frístundamiðstöðvar samþykkja. Einnig situr umsjónarmaður frístundaheimilis samráðsfundi með skólastjórnendum. Á þeim fundum eru tekin fyrir margvísleg málefni, s.s. þjónusta við börn með sérþarfir, samstarf á óhefðbundnum skóladögum og annað samráð.

ÍPRÓTTAFÉLÖG OG AÐRAR STOFNANIR

Frístund er í samstarfi með Val, en Valur býður uppá rútuferðir frá frístundarheimilinu og að Valsheimilinu fjórum sinnum í viku. Skráning á börnum fer fram hjá Val sem sendir lista á frístundarheimilið sem safnað síðan saman börnunum áður en rútan kemur og sendir börnin af stað.